

Föstudaginn 14. mars 1986.

Nr. 78/1986. **Einar Sigurðsson**

gegn

Hermanni Björgvinssyni

Kærumál. Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið til Hæstaréttar með kæru 3. þ.m., er barst Hæstarétti næsta dag, úrskurði bæjarþings Kópavogs 3. mars. Kæra er studd við j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili höfðaði mál fyrir bæjarþingi Kópavogs gegn varnaraðila með áskorunarstefnu 3. janúar sl. til greiðslu skuldar samkvæmt tékka útgefnum af varnaraðila að fjárhæð 1.183.180,00 krónur ásamt vöxtum. Í þinghaldi 3. þ.m., er mál þetta var fyrir tekið, óskaði lögmaður varnaraðila eftir fresti „til að leggja fram gögn sem komi til með að upplýsa að stefnandi eigi ekki þá kröfu á hendur stefnda sem stefnt er fyrir.“ Þá er bókað í þinghaldi þessu: „Lögmaður stefnda mótmælir því að veittur verði frestur.“ Er hér væntanlega um ritvillu að ræða og hefur það verið lögmaður sóknaraðila (stefnanda) sem mótmælt hefur frestbeiðninni. Dómarinn tók atriði þetta þegar til úrskurðar og kvað upp úrskurð sem er án forsendna, en úrskurðarorð er á þessa leið:

„Máli þessu er frestað til frekari gagnaöflunar.“

Þá er einnig bókað að lögmaður varnaraðila hafi óskað eftir fjögurra vikna fresti til þess að leggja fram gögn varðandi rannsókn hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og að dómarinn fallist á það. Var málinu síðan frestað til 1. apríl.

Lögmaður sóknaraðila lýsti yfir því þegar í sama þinghaldi að hann kærði úrskurðinn. Hann gerði þó eigi grein fyrir því hvaða kröfur hann gerði, og hann hefur ekki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð. Er kæra hans eigi svo úr garði gerð sem skylt er samkvæmt 23. gr. laga nr. 75/1973, og ber því ex officio að vísa málinu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.